# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

**Skrifstofa blaðsins**
**er í Síðumúla 29, 2. hæð,**
**150 Reykjavík.**
**Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.**
**Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is**
**Árg. kostar 2.500 krónur,**
**hvert eintak 65 krónur.**

**Nr. 17 95. ár Föstudaginn 8. febrúar 2002**

## Laus störf

*Starf skrifstofustjóra á lagaskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er laust til umsóknar.*

Í starfi skrifstofustjóra lagaskrifstofu felst að hafa umsjón með gerð lagafrumvarpa og reglugerða á vegum ráðuneytisins og störfum nefnda, sem vinna að löggjafarmálefnum á vegum ráðuneytisins. Þá hefur skrifstofustjóri m.a. umsjón með samskiptum ráðuneytisins við nefndir Alþingis vegna löggjafarmálefna og sinnir margvíslegum erlendum samskiptum einkum á vettvangi Evrópuráðsins og í norrænni samvinnu um samræmingu löggjafar á sviði ráðuneytisins.

Umsækjandi skal hafa lokið embættisprófi í lögfræði. Mjög góð kunnátta í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli er áskilin.

Sú regla gildir hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess að hafa skal í heiðri jafnrétti kynjanna við stöðuveitingar.

Umsóknarfrestur er til 26. febrúar 2002. Æskilegt er sá sem skipaður er í starfið geti hafið störf sem fyrst. Umsóknir þar sem umsækjandi óskar nafnleyndar verða ekki teknar gildar.

**Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,**
31. janúar 2001.

(1140

*Borgarnes.*

Lausar eru til umsóknar tvær stöður lögreglumanna hjá embætti sýslumannsins í Borgarnesi. Umsóknum skal skilað til sýslumanns, Stefáns Skarphéðinssonar, en umsóknarfrestur rennur út þann 16. febrúar 2002. Þórður Sigurðsson yfirlögregluþjónn veitir nánari upplýsingar um stöðurnar.

*Ríkislögreglustjórinn.*

Laus er til umsóknar staða lögreglumanns á fjarskiptamiðstöð lögreglu. Um er að ræða tímabundna stöðu til 30. nóvember 2002. Umsóknum skal skilað til embættis ríkislögreglustjórans, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, en umsóknarfrestur rennur út þann 16. febrúar 2002. Jón Bjartmarz yfirlögregluþjónn og Jónína Sigurðardóttir aðstoðaryfirlögregluþjónn, veita nánari upplýsingar um stöðuna.

Ráðningarkjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað af viðkomandi lögreglustjóra þegar ákvörðun um skipun, setningu eða ráðningu hefur verið tekin af ríkislögreglustjóra, eða dómsmálaráðherra, sem skipar eða setur yfir- og aðstoðarlögregluþjóna.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir liðnum „*Eyðublöð*“.

## Nauðungarsölur

### Reykjavík

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Skógarhlíð 6, Reykjavík, fimmtudaginn 14. mars 2002 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Aðalstræti 9, 0005, 7,5% kjallara í norðvesturhorni (næst „Ingólfsbrunni“ m.m.) 1012) | Vörulagerinn ehf. | Lífeyrissjóðurinn Framsýn | 1.902.569 |
| Asparfell 12, 0402, 123,4 fm 5 herb. íbúð á 4. og 5. hæð m.m. merkt B ásamt geymslu í kjallara merkt B-4 (0029) 1013) | Auðunn Arnar Stefnisson | Íbúðalánasjóður | 155.258 |
| Auðarstræti 13, 0001, kjallaraíbúð 1014) | Valdimar Kristinsson | Íbúðalánasjóður | 194.277 |
| Baldursgata 12, 0101, 1. hæð Nönnugötumegin m.m. 1015) | Björn H. Einarsson og Margrét Óskarsdóttir | Íbúðalánasjóður | 69.241 |
| Bergstaðastræti 9A, 0102, 2ja herb. íbúð á 1. hæð í austurhluta 1016) | Kristinn Pétursson og Hildur Björnsdóttir | Íbúðalánasjóður | 146.842 |
| Bergstaðastræti 17, 0201, 4ra herb. íbúð á 2. hæð 1017) | Jenný Erla Guðmundsdóttir og Kári Halldór Þórsson | Íbúðalánasjóður | 199.453 |
| Bergstaðastræti 28A, 0201, 129,7 fm íbúð á 2. hæð ásamt geymslu 00-02 1018) | Gísli Rúnar Jónsson | Tryggingamiðstöðin hf. | 59.682 |
| Bergþórugata 31, 0101, 1. hæð og geymsla í kjallara 1019) | Magnús Geir Gunnlaugsson og Margrét Scheving Thorsteinsson | Íbúðalánasjóður | 198.265 |
| Birkimelur 10, 0101, 86,6 fm íbúð á 1. hæð t.v. m.m. ásamt herbergi í kjallara merkt 0003 og geymsla merkt 0002 1020) | Ragnheiður Guðjónsdóttir | Tryggingamiðstöðin hf. | 53.543 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Blönduhlíð 23, 0301, 3ja herb. íbúð 49,7 fm á rishæð ásamt hlutdeild í sameign 1021) | Njörður Lárusson | Íbúðalánasjóður | 176.348 |
| Borgartangi 2, 0201, efri hæð og bílskúr og geymsla á jarðhæð, Mosfellsbæ 1022) | Sigríður Sveinbjörnsdóttir og Frímann Ægir Frímannsson | Íbúðalánasjóður | 331.140 |
| Brautarholt 2, 020102, neðsta hæð í SV-hlið og 2. hæð í SV-hlið 1023) | Japansk-ísl. verslunarfél. ehf. | Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, útibú | 424.515 |
| Brautarholt 22, gistiheimili á 2. hæð, ásamt rými 0104 á 1. hæð, rými 0302 á 3. hæð og rými 0401 þakrými 1024) | Skeifan ehf. | Lífeyrissjóðurinn Framsýn | 8.090.458 |
| Breiðavík 21, 0202, 91,6 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð m.m. ásamt geymslu á 1. hæð merkt 0112 1025) | Ásthildur G. Sigurgeirsdóttir og Arnar Þór Þorsteinsson | Íbúðalánasjóður | 152.454 |
| Brekkuland 4, Mosfellsbæ 1026) | Guðrún Guðmundsdóttir og Pétur Guðjónsson | Íbúðalánasjóður og Mosfellsbær | 354.505 |
| Bugðutangi 36, 50% ehl., Mosfellsbæ 1027) | Eiríkur Stefán Eiríksson | Tollstjóraembættið | 412.031 |
| Byggðarholt 1A, Mosfellsbæ 1028) | Lárus Eiríkur Eiríksson og Gróa Karlsdóttir | Íbúðalánasjóður | 373.898 |
| Dalhús 7, 0102, 50% ehl. í 4ra herb. íbúð á 1. hæð 2. íbúð frá vinstri, 1029) | Sigurður Valur Sigurðsson | Tollstjóraembættið | 1.255.535 |
| Dalsel 14 1030) | Sigríður Sigmundsdóttir | Íbúðalánasjóður | 323.105 |
| Dugguvogur 6, 040101, 1. hæð austur, 15% syðra húss 1031) | Arnarberg ehf. | Tollstjóraembættið | 800.703 |
| Efstasund 10, 0001, 3ja herb. íbúð í kjallara 1032) | Axel Vicente Gomez | Tryggingamiðstöðin hf. | 42.024 |
| Eiðistorg 1, 0302, 90,9 fm íbúð á 3. hæð m.m. 1033) | Viggó Sigursteinsson | Íbúðalánasjóður | 187.616 |
| Eiðistorg 13, eignarhlutar 010003 og 010004 og Eiðistorg 15 eignarhlutar 010002 og 010103, Seltjarnarnesi 1034) | Vesturbæjarveitingar ehf. | Eiðistorg 13-15, húsfélag | 618.674 |
| Eldshöfði 4 1035) | Vaka ehf., björgunarfélag | Lífeyrissjóðurinn Framsýn | 5.083.548 |

Konur sem uppfylla skilyrðin eru sérstaklega hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 1. febrúar 2002.
**Ríkislögreglustjórinn.**

(1158

# Stefnur

**Dómstjórinn í Reykjavík**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Bjarki H. Diego hrl., að hann þurfi fyrir hönd Hávöxtunarfélagsins hf., kt. 611284-0479, Ármúla 13a, 108 Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á eftirfarandi hlutdeildarskírteini í Hávöxtunarfélaginu hf. sem eigandi telur glatað.

*Fyrirsvar:* Bjarki H. Diego hrl. kveðst fara með málið fyrir hönd stefnanda.

*Dómkröfur:* Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að neðangreint bréf verði ógilt með dómi:

Einingabréf 2, nr. H-1167-55, að nafnverði 7,2052 einingar, eigandi Hávarður Birgir Bernódusson, kt. 301079-5249.

*Málsástæður og önnur atvik:* Stefnandi kveður ofangreint bréf vera hlutdeildarskírteini í deild í verðbréfasjóðnum Hávöxtunarfélaginu hf. Þegar eigandi hafi ætlað að innleysa bréfið hafi það ekki fundist og hafi ekki enn fundist þrátt fyrir mikla leit. Til þess að geta neytt þeirra réttinda sem bréfið beri með sér sé nauðsynlegt að fá það ógilt með dómi og hafi eigandi hins glataða bréfs veitt stefnanda umboð til málshöfðunar í þessu skyni sem lagt verði fram við þingfestingu málsins.

*Lagarök:* Stefnandi kveðst vísa til 120.–121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 43. gr. laga nr. 10/1993 um verðbréfasjóði, sbr. 6. gr. laga nr. 17/1999. Um stefnufrest kveðst stefnandi vísa til 3. mgr. 91. gr. laga um meðferð einkamála.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin skjöl:

1. Umboð eiganda til höfðunar ógildingarmáls.
2. Lögbirtingablað sem sýnir stefnubirtinguna.
3. Yfirlit um eignarhald ofangreinds aðila á því bréfi sem ógilda á.
4. Sýnishorn af einingabréfi.

Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kynni að hafa framanskráð bréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem sett verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, fimmtudaginn 14. mars 2002, kl. 10.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki lögð í dóm, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til bréfsins og mótmæla framangreindum kröfum. Að öðrum kosti má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 22. janúar 2002.
**Friðgeir Björnsson.**

(938

**Dómstjóri héraðsdóms Vesturlands, Finnur Torfi Hjörleifsson**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Pétur Guðmundarson hrl., Logos lögmannsstofu sf., Reykjavík, að hann þurfi fyrir hönd Vélavers hf., kt. 491294-2489, Lágmúla 7, Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Vesturlands til ógildingar á veðskuldabréfi.

*Dómkröfur:* Stefnendur kveðst gera þær dóm-

kröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf útgefið 31. maí 1996 af Ragnari Valgeirssyni, kt. 130949-2159, Vogarbraut 46, Akranesi, að fjárhæð kr. 471.644 til stefnanda. Bréfið bar að greiða með 36 jöfnum afborgunum á 1 mánaðar fresti í fyrsta sinn 15. júlí 1996. Bréfið var bundið vísitölu neysluverðs með grunnvísitölunni 174 og bar 8,9% vexti. Til tryggingar bréfinu var vinnuvélin JCB 807, árgerð 1982, vinnuvélanúmer EB-0105 sett að veði. Var vélin veðsett með 1. veðrétti. Á bréfið ritaði sem sjálfskuldarábyrgðaraðili Valgeir Jónasson, kt. 280108-3679.

*Málsástæður og önnur atvik:* Stefnandi kveður málavexti vera þá að bréfið sé nú að fullu greitt en frumrit þess hafi glatast og ekki fundist þrátt fyrir mikla leit. Stefnandi þurfi að láta aflýsa bréfinu af hinni veðsettu eign. Þar sem slíkt er ekki hægt nema með áritun á frumrit bréfsins er stefnanda nauðsynlegt að fá veðskuldabréfið ógilt með dómi. Nafni stefnanda hefur verið breytt úr Glóbus-Vélaver hf. í Vélaver hf.

*Lagarök:* Stefnandi kveðst vísa til 120.–121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

*Sönnunargögn:* Stefnandi kveðst munu leggja fram eftirfarandi gögn við þingfestingu málsins:

1. Frumrit stefnu þessarar útgefna af héraðsdómi Vesturlands.
2. Ljósrit af hinu glataða veðskuldabréfi.
3. Lögbirtingablað það sem stefnan birtist í.
4. Veðbókarvottorð.
5. Staðfesting á uppgreiðslu.

*Fyrirkall:* Fyrir því er hér með skorað á hvern þann sem kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, að mæta í héraðsdóm Vesturlands, Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, þriðjudaginn 19. mars 2002, kl. 14.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til veðskuldabréfsins þar sem ella megi búast við að útivistardómur gangi í málinu og krafa stefnanda um ógildingu veðskuldabréfsins verði tekin til greina.

Stefnufrestur ákveðst 1 mánuður.

Borgarnesi, 23. janúar 2002.
**Finnur T. Hjörleifsson.**

(1011

# Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 26. október 2001 var bú Ingólfs Arnars Guðmundssonar, kt. 140256-4639, Lyngási 6, Garðabæ, tekið til gjaldþrotaskipta og var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 15. ágúst 2001.

Innköllun birtist í Lögbirtingablaðinu 14. og 20. nóvember 2001. Við könnun skiptastjóra hefur komið í ljós að þrotamaður rak í félagi við aðra með ótakmarkaðri ábyrgð sameignarfélagið G. Kristjónsson sf., kt. 670387-3139, nú með lögheimili að Skólagerði 40, Kópavogi. Í ljósi þessara upplýsinga, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 85. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, þykir rétt að framlengja frest til að lýsa kröfum í búið. Er hér með skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hamraborg 10, 200 Kópavogi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hamraborg 10, Kópavogi, mánudaginn 22. apríl 2002 kl. 9.00. Áður auglýstum skiptafundi er

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Engjasel 70, 0001, eins herb. íbúð á jarðhæð 1036) | Magnús Ragnarsson | Íbúðalánasjóður | 158.604 |
| Flétturimi 7, 010103, 92,1 fm íbúð á 1. hæð ásamt geymslu 0012 og stæði nr. B-7 m.m. 1037) | Ædís Björk Einarsdóttir | Sparisjóður vélstjóra | 197.952 |
| Flétturimi 16, 0301, íbúð á 3. og 4. hæð t.v. m.m. ásamt stæði nr. 4 í bílskýli 1038) | Ari Þórólfur Jóhannesson og Vilborg Jónsdóttir | Íbúðalánasjóður | 78.659 |
| Flétturimi 32, 0201, 110,4 fm íbúð á 2. hæð m.m. og bílskúr 05-0103 ásamt geymslu merkt 0105 1039) | Oddný Björgvinsdóttir | Landsbanki Íslands hf., höfuðst. | 4.249.218 |
| Flugggarðar 30B, flugskýli nr. 30B miðhluti 1040) | Guðmundur Sigurbergsson | Tollstjóraembættið | 78.284 |
| Frakkastígur 8, 0206, 36,3 fm ásamt sameign 1041) | Pétur Gunnlaugsson, Friðrik Arngrímur Halldórsson og Björn Stefánsson | Lífeyrissjóðurinn Framsýn | 566.527 |
| Framnesvegur 5, 0102, eitt herb. og eldhús í viðbyggingu yfir sölubúð 1042) | Jósef Smári Gunnarsson | Tryggingamiðstöðin hf. | 42.708 |
| Framnesvegur 29, 0301, 124,8 fm íbúð á 3. hæð m.m. 4043) | Kristján Emil Jónasson | Íbúðalánasjóður | 244.861 |
| Furubyggð 5, íbúðarhúsalóð, Mosfellsbæ 1044) | Halldóra Friðriksdóttir og Arnór Guðbjartsson | Íbúðalánasjóður | 636.147 |
| Grundarland 7 1045) | Magnús Ingi Erlingsson og Sunna Ólafsdóttir | Íbúðalánasjóður | 339.063 |
| Grýtubakki 10, 0202, 91,1 fm 4ra herb. íbúð á 2. hæð m.m. ásamt geymslu í kjallara merkt 06.00-01 1046) | Anna María Haraldsdóttir | Íbúðalánasjóður | 253.578 |
| Grýtubakki 26, 0301, 76,9 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð m.m. ásamt geymslu í kjallara merkt 06.00-06 1047) | Ásthildur Kristjánsdóttir | Tollstjóraembættið | 48.701 |
| Gullengi 15, 0101, 50% ehl. í 3ja herb. íbúð á 1. hæð t.v. m.m. 83,5 fm alls 1048) | Björgvin Guðmundur Haraldsson | Tollstjóraembættið | 63.379 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Hamrahlíð 3, 0001 3ja herb. kjallaraíbúð, 1049) | Adólf Adólfsson | Íbúðalánasjóður | 2.221.451 |
| Hjallahlíð 21, 010101, 116,6 fm íbúð á 1.h. og bílgeymsla merkt 020101, Mosfellsbæ 1050) | Rögnvaldur Pálmason og Íris Laufey Árnadóttir | Íbúðalánasjóður | 222.864 |
| Hjaltabakki 10, 0301, 3ja herb. íbúð á 3. h. 76,9 fm 1051) | Finnbogi Helgi Karlsson og Kristín Gunnarsdóttir | Íbúðalánasjóður | 201.960 |
| Hjarðarhagi 40, 0201, 96,2 fm íbúð á 2.h. t.v. geymsla í kjallara og bílskúr merktur 050110 1052) | Ásgeir Magnús Sæmundsson | Íbúðalánasjóður | 209.062 |
| Hrafnhólar 2, 0101, ásamt bílsk. skv. fastm. 1053) | Margrét Sigurðardóttir | Íbúðalánasjóður | 74.894 |
| Hraunbær 24 íbúð, 0101 4ra herb. íbúð á 1. hæð ásamt íbúðarherb. 0005, sérgeymsla 0008 og skápur 0018 1054) | Ólafur Straumland og Katrín Marisdóttir | Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild | 159.784 |
| Hraunbær 40, 0102, 53,5 fm 2ja herbergja íbúð á 1. hæð 1055) | Snorri Ragnarsson | Íbúðalánasjóður | 156.343 |
| Hringbraut 37, 0102, 3ja herb. íbúð á 1. hæð, herb. í risi, geymsla, m.m. 1056) | Bjarni Bragi Kjartansson | Tollstjóraembættið | 2.390.979 |
| Hringbraut 47, íbúð 0507 50% ehl. 79,2 fm 3ja herbergja íbúð á 2. hæð t.h. m.m ásamt geymslu merktri 0006 og herbergi merktu 0507 1057) | Ásta Sólveig Ólafsdóttir | Sparisjóður Hafnarfjarðar | 5.123.644 |
| Hrísrimi 7, 0101, íbúð á 1. hæð til vinstri merkt 0101 og stæði nr. 5 í bílageymslu 1058) | Borgþór Guðmundsson | Íbúðalánasjóður | 156.837 |
| Hrísrimi 28 1059) | Byggingafélag Garðars & Erl. ehf. | Lífeyrissjóður verslunarmanna | 414.429 |
| Hrísateigur 13, 0201, 3ja herb. risíbúð 1060) | Ragnar Þór Ragnarsson | Íbúðalánasjóður | 57.932 |
| Hverafold 41 1061) | Rúnar Jónsson og Elsa Jóhanna Ólafsdóttir | Íbúðalánasjóður | 130.077 |
| Hverfisgata 64A, 0101, verslun á jarðhæð 1062) | Austur-Indíafélagið ehf., Kópavogi | Tryggingamiðstöðin hf. | 45.838 |

aflýst. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Kópavogi, 10. janúar 2002.
**Guðjón Ólafur Jónsson** hdl.

(952 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum þann 16. janúar 2002, var bú Aruba ehf., kt. 471097-2179, Þórunnarstræti 124, Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri búsins.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 3. janúar 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra á Lögfræðistofu Reykjavíkur ehf., Vegmúla 2, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til þess að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Vegmúla 2, 108 Reykjavík, 23. apríl 2002 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 15. janúar 2002.
**Steinar Þór Guðgeirsson** hdl.

(953 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur 22. janúar 2002 var bú Ferðaskrifstofu Reykjavíkur ehf., kt. 490189-1229, Aðalstræti 9, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 4. janúar 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra, að Klapparstíg 29, pósthólf 917, 121 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Klapparstíg 29, Reykjavík, mánudaginn 29. apríl 2002 kl. 10.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 25. janúar 2002.
**Helgi Birgisson** hrl.

(1006 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 28. janúar 2002 var bú Guðmundu H. Jóhannesdóttur, kt. 111155-5189, Jörfabakka 12, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 22. ágúst 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 18, 2. hæð, Reykjavík, fimmtudaginn 18. apríl 2002 kl. 10.00 f.h.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir fundinn.

Komi ekkert fram um eignir búsins verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

(1131 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 28. janúar 2002 var bú Arnar Úlfars Úlfarssonar, kt. 131063-4319, Skipholti 58, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 22. ágúst 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 18, 2. hæð, Reykjavík, fimmtudaginn 18. apríl 2002 kl. 10.30 f.h.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir fundinn.

Komi ekkert fram um eignir búsins verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

(1132 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 28. janúar 2002 var bú Freyðingar ehf., kt. 660595-3339, Kleifarseli 7, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 23. ágúst 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 18, 2. hæð, Reykjavík, fimmtudaginn 18. apríl 2002 kl. 9.00 f.h.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir fundinn.

Komi ekkert fram um eignir búsins verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

(1133 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 28. janúar 2002 var bú Jákvæðni ehf., kt. 480200-3060, Laugavegi 28b, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 27. ágúst 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 18, 2. hæð, Reykjavík, fimmtudaginn 18. apríl 2002 kl. 9.30 f.h.

Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir fundinn.

Komi ekkert fram um eignir búsins verður skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

(1134 a

Reykjavík, 31. janúar 2002.
**Brynjólfur Kjartansson** hrl.

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Hverfisgata 82, 010101, verslunarhúsn. í au-enda 1. hæðar 35,7 fm 1063) | Sigtún 7 ehf. | Húsfélagið Hverfisgötu 82 og tollstjóraembættið | 343.909 |
| Hæðarsel 15 ásamt bílskúr 1064) | Þorgeir Einarsson og Halla Kristín Þorsteinsdóttir | Íbúðalánasjóður | 153.133 |

Reykjavík, 30. janúar 2002.
F.h. sýslumannsins í Reykjavík,
**Þuríður Árnadóttir,** deildarstjóri fullnustudeildar.

**Auglýsing vegna rangrar kennitölu í innköllun.**

Í auglýsingu skilanefndar um innköllun til kröfuhafa í 145. tbl. Lögbirtingablaðs árið 2001 vegna fyrirhugaðra slita Flugfélags Austurlands hf., urðu þau mistök að með nafni Flugfélags Austurlands hf. birtist kennitala Íslandsflugs hf., 650387-1639 í stað kennitölu Flugfélags Asuturlands. Ný auglýsing um innköllun með réttri kennitölu Flugfélags Austurlands hf. 671272-0809 birtist í 1. tbl. Lögbirtingablaðs 2002.

Því staðfestir undirritaður f.h. skilanefndar Flugfélags Austurlands hf. að kennitölubirting Íslandsflugs hf. stafaði af mistökum og framangreindar auglýsingar áttu á engan hátt að snerta Íslandsflug hf.

Egilsstöðum, 30. janúar 2002.
F.h. skilanefndar
Flugfélags Austurlands hf.,
**Bjarni G. Björgvinsson** hdl.

(1009 b

Eftirtaldar sparisjóðsbækur við Búnaðarbanka Íslands og útibú hans eru glataðar:

Aðalbankinn: Nr. 95741, 240240 og 240267.
Akureyri: Nr. 14232, 200023 og 200906.
Austurbær: Nr. 19861.
Egilsstaðir: Nr. 240604 og 240371.
Vesturbær: Nr. 13655.
Blönduós: Nr. 246115.
Hella: Nr. 250928 og 251212.
Melar: Nr. 227348, 824583 og 9703.
Búðardalur: Nr. 5984 og 6536.
Mosfellsbær: Nr. 276387 og 831238.
Garðabær: Nr. 7630.
Kópavogur: Nr. 6919.
Kringlan: Nr. 3452.
Grafarvogur: Nr. 200814 og 800013.
Hafnarfjörður: Nr. 209.
Akranes: Nr. 1854 og 3056.

Samkvæmt 49. gr. laga nr. 113/1996 er hér með skorað á handhafa nefndra sparisjóðsbóka að segja til sín innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu þessarar auglýsingar.

Reykjavík, 22. janúar 2002.
Búnaðarbanki Íslands hf.,
**Bentína Pálsdóttir.**
**Sigríður Stefánsdóttir.**

(928 c

Eftirtaldar sparisjóðsbækur við Landsbanka Íslands hf. eru taldar glataðar:

Aðalbanki: Nr. 19393, 169804, 171422, 172503, 175633, 176359, 177563, 178740, 260170, 275502, 277267, 279446, 281104, 733542, 733564, 734261 og 734800.
Austurbær: Nr. 45769, 114507, 118454, 260392, 260731 og 264358.
Árbær: Nr. 61619.
Breiðholt: Nr. 63777 og 64347.
Langholt: Nr. 40132, 47822, 65029 og 69956.
Vesturbær: Nr. 62039 og 65426.
Múli: 56599, 61520, 62347, 63464 og 66402.
Hafnarfjörður: Nr. 70638.
Þorlákshöfn: Nr. 437, 496 og 915.
Ísafjörður: Nr. 23148 og 23210.
Skagaströnd: Nr. 1909.
Akureyri: Nr. 52346, 59166, 111803, 116983 og 267096.
Raufarhöfn: Nr. 11538.
Eskifjörður: Nr. 3484.
Reyðarfjörður: 354.
Stöðvarfjörður: Nr. 10030, 10049 og 10078.
Hvolsvöllur: Nr. 2914.
Húsavík: Nr. 63175.

Samkvæmt 49. gr. laga nr. 113/1996 stefnist hér með handhöfum ofangreindra sparisjóðsbóka að segja til sín innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu þessarar áskorunar.

Reykjavík, 22. janúar 2002.
Landsbanki Íslands hf.,
viðskiptabankaþjónusta-miðvinnsla,
**Ásta Árnadóttir.**
**Sólveig Halldórsdóttir.**

(936 c

# Staðfesting nauðasamnings

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 22. nóvember sl. var Kjötumboðinu hf., kt. 660593-3069, Höfðabakka 9, Reykjavík, veitt heimild til að leita nauðasamnings og var Helgi Jóhannesson hrl. skipaður umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum. Innköllun til lánardrottna birtist í Lögbirtingablaði 5. desember sl. en fundur með atkvæðismönnum var haldinn 15. janúar sl. Með heimild í 47. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og með vitund umsjónarmanns félagsins meðan á nauðasamningsumleitunum félagsins stendur, gerði Kjötumboðið hf. breytingar á frumvarpi sínu að nauðasamningi. Umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum hefur tilkynnt að hið breytta frumvarp hafi verið borið undir atkvæði á fundi með atkvæðismönnum. Hefur umsjónarmaðurinn tilkynnt að atkvæðagreiðslan hafi farið þannig að frumvarpið hafi hlotið samþykki 76% atkvæðamanna miðað við fjárhæðir og 83% miðað við höfðatölu. Frumvarpið er eftir breytinguna á þessa leið:

**1.0. Kafli. Samningskröfur:**

*1.0. Hvað boðið er og hvenær greitt:*

1.1. Lánardrottnum sem fara með samningskröfur er boðið valkvætt eftir óskum sínum:

1.1.1. Greiðsla á 53% krafna sinna sem greiðist þannig: A. 19,0% kröfu greiðist í peningum innan 3ja mánaða frá staðfestingu nauðasamningsins. B. 19,0% kröfu greiðist í peningum innan sex mánaða frá staðfestingu nauðasamningsins. C. 19,0% kröfu greiðist í pening-

um innan 12 mánaða frá staðfestingu nauðasamningsins. D. 43,0% kröfu greiðist með afhendingu hluta í Norðlenska matborðinu ehf., kt. 500599-2789, Grímseyjargötu, Akureyri, að sama nafnverði og sá hluti kröfu lánardrottins sem greiddur er með þessum hætti, innan 3ja mánaða frá staðfestingu nauðasamningsins, í formi staðfestingar frá hlutaskrá félagsins um eignarrétt lánardrottna.

